

## Dreifibréf 03/2003/LS

Af gefnu tilefni vill Lyfjastofnun koma á framfæri að tilkynningar um stuld og falsanir lyfseðla verða sífellt algengari. Lyfseðlaeyðublöð, sem hverfa af heilbrigðisstofnunum eru notuð í þessum tilgangi, einnig er töluvert um að lyfjaávísunum lækna sé breytt eða lyfjaávísunum bætt við. Lyfjafræðingar eru hvattir til að vera á varðbergi gagnvart slíkum lyfseðlum.

Efist lyfjafræðingur um lögmæti lyfjaávísunar, skal hafa samband við útgefanda/meintan útgefanda lyfseðils og athuga hvort um fölsun sé að ræða. Skilyrðislaust skal tilkynna fölsun til lögreglu og reyna að sjá til þess að viðkomandi verði handtekinn, sé það ekki mögulegt skal lögreglu engu að síður gefin skýrsla. Skjalafals er lögbrot samkv. 155 gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 með síðari breytingum. Brotið er fullframið þegar falsað skjal er notað í blekkingarskyni, ekki er skilyrði að nokkur hafi blekkst vegna fölsunarinnar. Skjalafals getur varðað fangelsi allt að 8 árum.

Lyfjastofnun áréttar mikilvægi þess að allar tilraunir til að svíkja út lyf þ.m.t fölsun lyfseðla, sé tilkynnt stofnuninni. Tilkynningin skal vera skrifleg og undirrituð af starfsmanni lyfjabúðar, t.d. mætti senda afrit úr atvikaskrá lyfjabúðar.

Atriði sem skulu koma fram:

- nafn og kennitala þess sem lyfseðill er stílaður á
- hver er útgefandi/meintur útgefandi lyfseðilsins
- staðfesting meints útgefanda á fölsun
- í hverju fólst fölsun lyfseðilsins
- raðnúmer lyfseðilseyðublaðsins
- önnur merking eða auðkenning á lyfseðilseyðublaði
- hvort haft var samband við lögreglu

Meðfylgjandi er [staðfestingaeyðublað](#) vegna tilkynningar um falsaðan lyfseðil sem lyfjabúðir geta nýtt sér, fyllt út og sent Lyfjastofnun. Afrit af lyfseðli skal fylgja með.

Lyfjastofnun sinnir frekara eftirliti með því að athuga uppruna lyfseðilseyðublaðsins, hvort það komi úr lyfseðlablokk sem hafi verið tilkynnt glötuð eða ekki. Viðkomandi læknastöð eða heilbrigðisstofnun sem lyfseðilseyðublaðið tilheyrði er látin vita um fölsunina og óskað eftir að kannað sé hvort fleiri lyfseðlaeyðublöð hafi horfið. Landlæknir er einnig upplýstur um málið, til frekari athugunar.

Lyfjastofnun